

Ed.

164. Frumvarp til laga

[94. mál]

um Fyrningarsjóð Íslands.

Flm.: Gísli Jónsson.

1. gr.

Stofna skal sjóð, er nefnist Fyrningarsjóður Íslands. Hlutverk sjóðsins er að lána fé til þess að auka fasteignir landsmanna og skipastól samkvæmt fyrirmælum þessara laga.

2. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

1. Fyrningargjöld samkvæmt ákvæðum 4.—8. gr. þessara laga.
2. Vextir af útlánnum og innistæðum í bönkum.
3. Aðrar tekjur, er sjóðnum kunna að hlotnast.

3. gr.

Sjóðurinn starfar í 9 deildum sem hér segir:

- A. **Landbúnaðardeild:** Til hennar skal greiða öll fyrningargjöld af jörðum og húsum og mannvirkjum, sem á þeim standa, hverju nafni sem nefnast, eins og þau eru ákveðin í lögum þessum.

Úr fyrningarsjóði Landbúnaðardeildar skal lána, eftir því sem fé er fyrir hendi, til hvers konar ræktunar á jörðum, húsabygginga og annarra mannvirkja. Aldrei má fyrningarsjóður deildarinnar lána fé til annars en til aukningar og endurbyggingar á hliðstæðum fasteignum og féð er runnið frá.

Búnaðarbanki Íslands stjórnar Landbúnaðardeildinni. Hann annast daglegan rekstur hennar og reikningshald og ber ábyrgð á öllu fé hennar gagnvart eigendum.

- B. **Sjávarútvegsdeild:** Til hennar skal greiða öll fyrningargjöld af skipum, eins og þau eru ákveðin í lögum þessum.

Úr fyrningarsjóði Sjávarútvegsdeildar skal lána, eftir því sem fé er fyrir hendi, til smíði nýrra skipa. Skal lánnum jafnan hagað svo, að fé, sem inn er greitt frá eigendum fiskiskipa, er aðeins lánað til endurnýjunar fiskiskipaflotans, og fé, sem inn er greitt frá eigendum flutningsskipa, til endurnýjunar á verzlunarflotanum.

Útvegsbanki Íslands h/f stjórnar Sjávarútvegsdeildinni. Hann annast daglegan rekstur hennar og reikningshald og ber ábyrgð á öllu fé hennar gagnvart eigendum. Heimilt er honum að fela Fiskveiðasjóði Íslands útlánastarfsemi á því fé, sem inn er greitt frá eigendum fiskveiðiskipa.

- C. **Iðnaðar- og verzlunardeild:** Til hennar skal greiða öll fyrningargjöld af verksmiðjum, orkuverum og öðrum mannvirkjum, eins og þau eru ákveðin í lögum þessum, enda séu þau eigi flokkuð undir aðrar deildir.

Úr fyrningarsjóði deildarinnar skal lána, þegar fé er fyrir hendi, til byggingar nýrra verksmiðja, orkuvera eða annarra hliðstæðra fasteigna og þeirra, sem fyrningargjald er greitt af til deildarinnar.

Iðnlánasjóður og síðar iðnaðarbanki, ef hann verður stofnaður, stjórnar Iðnaðar- og verzlunardeildinni. Hann annast daglegan rekstur hennar og reikningshald og ber ábyrgð á öllu fé hennar gagnvart eigendum.

- D. **Íbúðarhúsa- og verzlunarhúsadeild:** Til hennar skal greiða öll fyrningargjöld af íbúðar- og verzlunarhúsum ásamt lóðum, sem þeim tilheyra, eins og þau eru ákveðin í lögum þessum.

Úr fyrningarsjóði deildarinnar skal lána fé, þegar það er fyrir hendi, til þess að byggja ný íbúðar- og verzlunarhús, og má deildin ekki lána fé sitt til annarrar starfrækslu.

Landsbanki Íslands stjórnar Íbúðarhúsa- og verzlunarhúsadeildinni. Hann annast daglegan rekstur hennar og reikningshald og ber ábyrgð á öllu fé hennar gagnvart eigendum. Heimilt skal þó Landsbankanum að fela veðdeild bankans að annast þessa lánastarfsemi.

- E. **Fasteignadeild bæjar- og sveitarfélaga:** Til hennar skal greiða öll fyrningargjöld af fasteignum, sem eru eign bæjar- og sveitarfélaga, eftir því sem ákveðið er í lögum þessum.

Úr fyrningarsjóði deildarinnar skal lána fé, þegar það er fyrir hendi, til þess að koma upp nýjum fasteignum fyrir bæjar- og sveitarfélög, og má eigi lána fé deildarinnar til annarrar starfrækslu

Landsbanki Íslands stjórnar Fasteignadeild bæjar- og sveitarfélaga. Hann annast daglegan rekstur hennar og reikningshald og ber ábyrgð á öllu fé hennar gagnvart eigendum. Heimilt skal Landsbankanum að fela sparisjóðum í bæjar- og sveitarfélögum að annast þessa lánastarfsemi.

- F. **Skipadeild bæjar- og sveitarfélaga:** Til hennar skal greiða öll fyrningargjöld af skipum, sem eru í eign bæjar- og sveitarfélaga, eftir því sem ákveðið er í lögum þessum.

Úr fyrningarsjóði deildarinnar skal lána fé, þegar það er fyrir hendi, til smíði nýrra skipa, og skulu bæjar- og sveitarfélög ganga fyrir slíkum lánnum, ef þau æskja þess. Fyrningargjöld, sem greidd eru af fiskveiðiskipum, má ekki lána til smíði flutningaskipa né gagnkvæmt.

Landsbanki Íslands stjórnar Skipadeild bæjar- og sveitarfélaga. Hann annast daglegan rekstur hennar og reikningshald og ber ábyrgð á öllu fé deildarinnar gagnvart eigendum. Heimilt skal Landsbankanum að fela sparisjóðum í bæjar- og sveitarfélögum að annast þessa lánastarfsemi.

- G. **Fasteignadeild félagsheilda:** Til hennar skal greiða öll fyrningargjöld af fasteignum félaga, sem ekki eru skattskyld, eins og þau eru ákveðin í lögum þessum.

Úr fyrningarsjóði deildarinnar skal lána, þegar fé er fyrir hendi, til þess að koma upp hliðstæðum fasteignum og fyrningargjöldin eru greidd af, og má ekki lána fé deildarinnar til annarrar starfrækslu.

Landsbanki Íslands stjórnar Fasteignadeild félagsheilda. Hann annast daglegan rekstur hennar og reikningshald og ber ábyrgð á öllu fé deildarinnar gagnvart eigendum.

- H. **Fasteignadeild ríkissjóðs:** Til hennar skal greiða öll fyrningargjöld af fasteignum ríkissjóðs, eins og þau eru ákveðin í lögum þessum. Fé deildarinnar má aðeins verja til að auka og koma upp nýjum fasteignum, er ríkissjóður er eigandi að. Má ekki nota féð til fasteignakaupa eða til viðhalds fasteignum ríkisins. Gæta skal þess, eftir því sem við verður komið, að fénu sé varið til aukningar á hliðstæðum mannvirkjum og þeim, sem fyrningargjöldin eru greidd af.

- I. **Skipadeild ríkissjóðs:** Til hennar skal greiða fyrningargjöld af öllum skipum ríkissjóðs, eins og þau eru ákveðin í lögum þessum.

Fé úr Skipadeild ríkissjóðs má aðeins verja til endurnýjunar skipastól ríkisins, og skal þess jafnan gætt, að fénu sé varið til endurnýjunar á þeim flokkum skipa, sem hliðstæðir eru skipum þeim, er gjaldið er greitt af.

Landsbanki Íslands stjórnar skipadeild ríkissjóðs. Hann annast daglegan rekstur hennar og reikningshald og ber ábyrgð á öllu fé deildarinnar gagnvart ríkissjóði.

#### 4. gr.

Eigendur fasteigna, sem flokkaðar eru undir A-, C- og D-liði 3. gr., skulu árlega greiða í fyrningarsjóði viðkomandi deilda þær upphæðir, sem leyfðar eru sem fyrningarfrádráttur á rekstrar- og efnahagsreikningum og dregnar eru frá sköttum á skattaframtali, þó aldrei yfir 2% — tvo af hundraði — af því verði eignanna, sem fyrningarhundraðshlutinn er miðaður við.

#### 5. gr.

Eigendur skipa, sem eru 6 smálestir og stærri, hverju nafni sem nefnast, og flokkuð eru undir B-lið 3. gr. þessara laga, skulu greiða árlega í fyrningarsjóð viðkomandi deildar þær upphæðir, sem leyfðar eru sem fyrningarfrádráttur á rekstrar- og efnahagsreikningum og dregnar eru frá sköttum á skattaframtali, þó aldrei yfir 3% — þrjá af hundraði — af því verði skipanna, sem fyrningarhundraðshlutinn er miðaður við. Skipafélög, sem njóta skattfrelsis samkv. sérstökum lögum, skulu greiða sama hundraðshluta í fyrningarsjóð eins og ef um einstakling væri að ræða.

#### 6. gr.

Bæjar- og sveitarfélög skulu greiða árlega í fyrningarsjóð viðkomandi deildar þær upphæðir, sem reiknaðar væru af fasteignum þeirra samkv. 4. gr., ef þær væru í eigu einstaklinga. Á sama hátt greiða bæjar- og sveitarfélög árlega í fyrningarsjóð viðkomandi deildar þær upphæðir, sem reiknaðar væru af skipum þeirra, ef þau væru í eigu einstaklinga.

#### 7. gr.

Félagsheildir skulu greiða árlega í fyrningarsjóð viðkomandi deildar þær upphæðir, sem reiknaðar væru af fasteignum þeirra samkv. 4. gr., ef þær væru í eigu einstaklinga. Á sama hátt greiða félagsheildir árlega í fyrningarsjóð viðkomandi deildar þær upphæðir, sem reiknaðar væru af skipum, sem kynnu að vera þeirra eign, ef þau væru í eigu einstaklinga.

#### 8. gr.

Ríkissjóður greiðir árlega í fyrningarsjóð viðkomandi deildar þær upphæðir, sem reiknaðar væru af fasteignum hans samkv. 4. gr., ef þær væru í eigu einstaklinga. Á sama hátt greiðir ríkissjóður árlega í fyrningarsjóði viðkomandi deildar þær upphæðir, sem reiknaðar væru af skipum hans, ef þau væru í eigu einstaklinga.

#### 9. gr.

Fé það, sem greitt er í fyrningarsjóð samkvæmt lögum þessum, skal skráð á nafn þess aðila, sem það hefur greitt, og er féð hans eign. Þó má eigi greiða honum það út úr sjóðnum, nema full trygging sé fyrir því, að fénu sé varið til endurnýjunar þeirra mannvirkja, sem lög þessi mæla fyrir um. Hins vegar má eigandi selja eða veðsetja inneign sína, og taka má hana lögtaki til tryggingar á vangreiddum skuldum, en slík eigendaskipti raska ekki því, að féð má aðeins nota á þann hátt, sem fyrir greinir.

Þegar inngreiðsla er skráð á nafn aðila, skal þess jafnframt getið, af hvaða fasteign eða skipi gjaldið er reiknað, svo að eigi verði um villzt, hvaða deild það tilheyrir.

Vextir af innistæðu aðila leggjast jafnan við höfuðstól hans, og gilda um þá sömu reglur og sjálf fyrningargjöldin.

#### 10. gr.

Nú vill eigandi fá greidda út inneign sína, og skal hann þá tilkynna það stjórn sjóðsins með 12 mánaða fyrirvara. Að þeim tíma liðnum leggur hann fram skilríki sín fyrir því, að hann sé enn eigandi fjárins og að það verði notað á þann hátt, sem lög þessi mæla fyrir um. Hafi féð verið greitt út til eiganda og sannist síðar, að það

hafi verið notað á annan hátt en að framan greinir, skal skylt að endurgreiða það sjóðnum með 10% álagi, auk venjulegra vaxta til greiðsludags.

**11. gr.**

Nú er ekki nægilegt fé fyrir hendi í sjóðnum, þegar skylt er að greiða út inn-eign eiganda, vegna þess að fé sjóðsins er bundið í útlánum, og skal þá stofnun sú, er stjórnar viðkomandi deild, skyldug til að lána sjóðnum upphæðina, þar til nægilegar inngreiðslur eru fyrir hendi til þess að endurgreiða stofnuninni hana.

**12. gr.**

Ef eigi finnst löglegur eigandi að innstæðu, skal lýsa eftir honum í Lögbertingablaðinu þrisvar sinnum. Hafi eigandi ekki gefið sig sig fram, áður en 4 mánuðir eru liðnir frá síðustu birtingu, fellur upphæðin til þeirrar deildar sjóðsins, sem varðveitir féð.

**13. gr.**

Gjöld til Fyrningarsjóðs og innstæða eru undanþegin tekjuskatti og eignarskatti, svo og hverjum öðrum opinberum gjöldum til ríkis eða sveitarfélaga. Á sama hátt er sjóðurinn og lánastarfsemi hans undanþegin öllum opinberum gjöldum.

**14. gr.**

Yfirstjórn sjóðsins skipa 3 menn. Skulu þeir kosnir af Alþingi með hlutbundinni kosningu til 4 ára í senn. Bankamálaráðherra skipar síðan einn þeirra formann. Stjórn sjóðsins skal hafa yfirumsjón með starfsemi sjóðsins og gæta þess, að fyrir mælum þessara laga sé framfylgt í hvivetna.

Ráðherra ákveður þóknun til sjóðsstjórnarinnar.

**15. gr.**

Stjórn sjóðsins ákveður, í samráði við stofnanir þær, sem annast rekstur sjóðanna, vaxtaupphæðir, lánstíma og tryggingar fyrir lánum.

**16. gr.**

Gjalddagi fyrningargjalda er sami og gjalddagi ríkisskatta. Skulu gjöldin innheimt af sömu aðilum og á sama hátt og ríkisskattar og skilað jafnóðum til sjóðsins. Kostnað við innheimtu skal greiða úr ríkissjóði.

**17. gr.**

Ráðherra setur sjóðnum reglugerð um öll þau atriði, sem snerta starfrækslu hans sankvæmt þessum lögum.

**18. gr.**

Með lögum þessum falla úr gildi lög nr. 59 7. maí 1946, um sérstakar fyrningaraskriftir, svo og lög nr. 15 1949 og lög nr. 103 1950, um breyting á þeim lögum.

**19. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Greinargerð.**

Meginskilyrði fyrir sjálfstæði þjóðarinnar, velmegun hennar og þróun er, að fjárhagur hennar sé traustur, ekki einasta fjárhagur ríkis og sveitarfélaga, heldur einnig og engu síður fjárhagur einstaklinganna. Á fyrri helmingi þessarar aldar hefur orðið stórkostleg bylting í atvinnu- og efnahagsmálum þjóðarinnar. Allt fram að síðustu aldamótum bjó þjóðin við harðan kost, og það svo, að hópar manna sáu engin úrræði til hjargar, flúðu land og komu ekki aftur. Aðrir buðu enn erfiðleikumum byrginn, þóttust sjá möguleika í íslenzkri mold og gull í greipum Ægis,

ef unnt væri að taka upp nýjar og afkastameiri veiðiaðferðir en að dorga upp við land á smáfleytum. Þessir menn sátu kyrrir í landinu og hófu þar nýtt landnám. Það þurfti mikið fé til að byggja upp bæði til lands og sjávar, og mest af því varð að gera með lánsfé, sem greiða varð af háa vexti og greiða upp á skömmum tíma. Í mörg þessi stórvirki var ráðizt af hjartsýni og óbilandi trú á framtíð landsins. Fyrir þrotlausa baráttu þessarar kynslóðar var þjóðinni lyft upp úr sárri fátækt í sæmileg efni. Lífskjör hennar nú eru betri og jafnari en nokkru sinni áður, og betri og jafnari en flestra annarra þjóða í Evrópu og þótt víðar sé leitað. Barátta hennar á komandi árum verður í því fólgin að viðhalda þessum lífskjörum og bæta þau enn, ef unnt er. Hver nýr sigur á þessu tímabili kallaði á nýtt verkefni, hvert nýtt verkefni á nýtt fjármagn, því að þróun athafnalífsins hjá framgjarnri og hugstórri þjóð á sér engin takmörk.

Uppbyggingin hefur gengið í bylgjum. Á góðu árunum hafa verið tekin risastökk, en þess á milli orðið að feta sig áfram eða jafnvel að standa í stað og það jafnvel um langt árabíl. Þannig var það á árunum 1920—45. Þann aldarfjórðung meгнаði þjóðin m. a. ekki að endurnýja togarafлотann nema að mjög litlu leyti, svo að á því sviði var hún orðin langt á eftir öðrum þjóðum, sjálfri sér til tjóns og sorgar.

Frv. þessu er ætlað að koma í veg fyrir það, að slík kyrrstaða í atvinnulífi þjóðarinnar og uppbyggingu mannvirkja geti aftur átt sér stað, með því að lögþjóða, að eðlileg fyrningargjöld af fasteignum og skipum verði greidd í sérstakan sjóð, en ekki notuð sem eyðslufé. Aldrei hefur þjóðinni verið meiri nauðsyn á því en nú, að til væri stofnun, er sinni því eina hlutverki að lána fé til uppbyggingar og endurnýjunar verðmæta, sem þjóðin getur ekki verið án, svo sem húsa, jarðræktar, orkuvera, verksmiðja og skipastóls. Aldrei hefur henni verið meiri nauðsyn á því en nú að spara fé, leggja eitthvað af mörkum vegna framtíðarinnar, til þess að tryggja lífsafkomu sína á komandi árum, og aldrei hefur hún haft jafngóð ráð á því og nú. Jafnskjótt og sjóður sá, sem hér um ræðir, myndast, skal honum veitt á ný út í athafnalífið til að þjóna því einu og engu öðru. Með þessu er ákveðnum hluta teknanna haldið kyrrum í þeim greinum, sem þær eru runnar frá, til þess einmitt þar að koma í veg fyrir hrörnun eða kyrrstöðu.

Verður nánar gerð grein fyrir einstökum greinum frv. í framsögu.